

Skýrsla æskulýðsdeildar hestamannafélagsins Skagfirðings



Vetrarstarf hestamannafélagsins Skagfirðings gekk vel veturinn 2018-2019. Kennsla fór fram á tveimur stöðum; reiðhöllinni Svaðastöðum á Sauðárkróki og Varmalæk II. Reiðkennarar voru Heiðrún Ýr Eymundsdóttir, Elín Rós Sverrisdóttir, Inken Lúdemann og Jóhanna Heiða Friðriksdóttir allar með reiðkennaramenntun frá Hólaskóla.

Æskulýðsstarfið hefur boðið upp á fjölbreytt námskeið og viðburði yfir vetrarmánuðina og hefur það verið vel sótt. Markmið Æskulýðsdeildar Skagfirðings er að bjóða upp á fjölbreytt, metnaðarfull og skemmtileg hestanámskeið fyrir börn og unglinga

Í október og nóvember 2018 var boðið upp á reiðnámskeið fyrir byrjendur í reiðhöllinni Svaðastöðum. Voru tvær vikur í boði. Börnum voru útvegaðir hestar, reiðtygi og hjálmar.



Í nóvember var haldin uppskeruhátíð barna og unglinga þar sem veittar voru viðurkenningar til þeirra barna og unglinga sem tóku þátt í reiðnámskeiðum og hestamótum á vegum félagsins fyrr á árinu. Boðið var upp á pítsur og gos og trúbador sem kom og spilaði nokkur lög.




Í janúar hófust svo vikunámskeið og helgarnámskeið.

Vikunámskeið voru kennd á þriðjudögum og fimmtudögum 5 vikur í senn frá janúar - apríl. Var námskeiðið kennt í reiðhöllinni á Svaðastöðum og reiðkennari var Inken Lúdemann. 6 börn sóttu námskeiðin á aldrinum 8-16 ára.

Helgarnámskeið voru kennd aðra hverja helgi á laugardögum og sunnudögum frá janúar - mars. Námskeiðið var kennt í reiðhöllinni á Svaðastöðum og reiðkennarar voru Heiðrún Ýr Eymundsdóttir og Elín Rós Sverrisdóttir. Kennt var í fjórum hópum og aldursskipt í hópana. Alls sóttu 18 börn og unglingar helgarnámskeiðin. Foreldrar teymdu undir hjá yngstu börnunum.

Í janúar var haldin kynning á Treck þjálfun fyrir börn og unglinga í Skagfirðingi. Anna Sonja Ágústsdóttir frá hestamannafélaginu Funa í Eyjafirði kom með fyrirlestur og kynningu á Treck. Félagar í Funa hafa nýtt sér Treck þjálfun undanfarin ár og komið sér upp Treck braut á Melgerðismelum.

Keppnisþjálfun var í boði frá febrúar - maí fyrir börn og unglinga. Þjálfara voru Þórarinn Eymundsson og Þorsteinn Björnsson. Hver tími var 30 mínútur og voru tveir iðkendur í hverjum hálf tíma. 10 krakkar sóttu keppnisþjálfun.



Æskan og hesturinn var haldin í reiðhöllinni Svaðastöðum á Sauðárkróki og sýningarhaldari var Æskulýðsdeild Skagfirðings. Um 100 krakkar mættu á sýninguna frá 5 félögum á Norðurlandi; Skagfirðingur, Neisti, Hringur, Reiðskólinn Varmilækur II og Reiðskólinn Ysta-Gerði í Eyjafjarðarsveit.

Sýningardagur var 1.maí sem einnig var dagur íslenska hestsins. Margt var um manninn og mikil gleði. Generalprufa var fyrir hádegi og eftir hana var öllum þátttakendum og aðstandendum boðið upp á grillaðar pylsur í boði Æskulýðsdeildar Skagfirðings.

Sýningin hófst kl.13 og þar voru mörg frábær atriði á dagskrá, t.d. Sirkusatriði þar sem ljón, prinsessa og trúður léku listir sínar. Goðafraeðinni voru gerð góð skil og pollaflokkur sýndi Súpermanatriði svo eitthvað sé nefnt. Í hléi voru tvö tónlistaratriði, það fyrra var söngkonan Halldóra Árný Halldórsdóttir og spilaði Jón Hjálmar Ingimarsson undir á gítar. Seinna atriðið var hljómsveitin GCD en hún samanstendur af Indriða Ægir Þórarinssyni, Óskar Aroni Stefánssyni og Magnús Árna Jóhannessyni.

Að sýningu lokinni komu allir þátttakendur saman í leik og var einnig boðið upp á að teyma undir börnum sem vildu prófa að fara á hestbak.

Mikið var um dýrðir og gaman að sjá hversu mikill metnaður var lagður í hvert atriði. Börnin voru í búningum og hestarnir fallega skreyttir í tilefni dagsins og gaman að sjá hversu vel undirbúin þau voru.





Nýjung var í skráningarkerfi hjá Æskulýðsdeildinni en tekið var í notkun skráningarkerfið Nóri sem UMSS er áskrifandi að og öll aðildarfélög þess hafa aðgang af. Þar greiða foreldrar fyrir námskeiðsgjöldin og geta nýtt frístundastyrk (hvatapeninga) sem Sveitarfélagið Skagafjörður býður öllum börnum sem stunda íþróttastarf upp á að nýta sér. Frístundastyrkurinn er 25.000krónur per barn á ári.

Á sumardaginn fyrsta fór fram firmamót Skagfirðings og var m.a keppt í pollaflokk og barnaflokk auk fullorðinsflokka. Börn og pollar sem tóku þátt voru 8 og fengu fallega verðlaunapeninga og bikara sem var afhent á kaffihlaðborði eftir mótið. Firmamótið var fyrsta útimót sumarsins og gaman að sjá krakkana njóta sín ekki síður úti sem inni.

Hefð hefur verið fyrir því að undanfarin ár að Æskulýðsdeildin gefi öllum þátttakendum í barna - og unglingastarfinu gjöf að loknu vetrarstarfi og var ákveðið að gefa taum þetta árið. Voru fjórir litir í boði, blár, rauður, svartur og bleikur.

Unglingadeildin starfaði mikið þetta árið. Unglingadeildin sem telur 22 unglinga hefur verið starfræk í þrjú ár og er helsta markmiðið að fá ungt hestafólk í firðinum til að kynnast og taka þátt í félagsmálum og viðburðum á vegum félagsins. Hún stóð vaktina á hinum ýmsum mótum, ýmist í sjoppurekstri, ritarar hjá dómurum eða sessuleigu á Meistaradeild KS. Í þessum verkefnum sem þau tóku að sér mátti sjá þróðleikann og dugnaðinn skína frá þeim og eru félaginu okkar til mikilla sóma.

Fyrir hönd Æskulýðsdeildar Skagfirðings

Sara Gísladóttir

Þórarinn Eymundsson

Guttormur Stefánsson

Luka Dreiner

Heiðrún Ósk

Jóhanna Heiða Friðriksdóttir

Þórdís Sigurðardóttir

Hrefna Jóhannsdóttir